

LISA SÍÐ JAKKAPEYSA

ÚR BØRSTET ULD FRÁ HJERTEGARN



LISA - SÍÐ JAKKAPEYSA

ÚR BØRSTET ULD FRÁ HJERTEGARN

STÆRÐIR

S/M (L/XL) XXL/XXXL.

UMMÁL Á BRINGU

U.þ.b. 110 (115) 125 sm.

HEILDARLENGD

U.þ.b. 78 sm., allar stærðir.

GARN FRÁ HJERTEGARN

Børstet uld (57% ull, 25% baby alpakka, 18% nylon).

Litur 1: 2 (2) 3 hnotur nr. 2676 gult

Litur 2: 2 (2) 3 hnotur nr. 1623 plóma

Litur 3: 2 (3) 4 hnotur nr. 6410 fölgrænt

Litur 4: 2 (3) 4 hnotur nr 100 hvítt

PRJÓNDAR

Nr. 6 og 7.

PRJÓNFESTA

14 lykkjur og 20 umferðir sléttprjón á prjóna nr. 7
= 10 x 10 sm.

ATH

Prjónið fyrstu og síðustu lykkju í umferðinni alltaf slétt þegar prjónað er fram og til baka, þannig verður kanturinn fallegur.

Hver rönd er um 18 sm., ef maður vill síðari eða styttri peysu prjónar maður hverja rönd styttri eða lengri.

BAKSTYKKI

Fitjið upp 78 (82) 90 lykkjur með prjóni nr. 6 og lit 1. Prjónið 5 sm. brugðningu fram og til baka (1slétt, 1 brugðin).

Skiptið yfir á prjóna nr. 7 og prjónið sléttprjón fram og til baka þar til stykkið mælist 18 sm. mælt þaðan sem sléttapryónið byrjar.

Skiptið yfir í lit 2 og prjónið 18 sm., skiptið yfir í lit 3 og prjónið 18 sm., skiptið yfir í lit 4 og prjónið 18 sm., fellið af.

HÆGRA FRAMSTYKKI

Fitjið upp 34 (36) 40 lykkjur með prjóni nr. 6 og lit 1. Prjónið 5 sm. brugðningu fram og til baka (1 slétt, 1 brugðin).

Skiptið yfir á prjóna nr. 7 og sléttprjón, prjónið áfram brugðningu yfir fyrstu 4 lykkjurnar upp allt stykkið, kantur á framstykki.

Prjónið rendur eins og gert var á bakstykkinu. Fellið af.

VINSTRÁ FRAMSTYKKI

Prjónið eins og hægra framstykkið nema að brugðningin heldur áfram yfir 4 síðustu lykkjurnar.

ERMI

Fitjið upp 48 (50) 52 lykkjur á prjón nr. 6 með lit 3 og prjónið 5 sm. brugðningu fram og til baka (1 slétt, 1 brugðin).

Skiptið yfir á prjóna nr. 7 og sléttprjón, í fyrstu umferðinni á réttunni er aukið í 20 lykkjum jafnað um umferðina (eins fyrir allar stærðir.).

Prjónið þar til ermin mælist 18 sm., mælt frá uppsitjun. Skiptið yfir í lit 4 og prjónið 18 sm. Fellið af og prjónið aðra ermi eins.

FRÁGANGUR

Gangið vel frá öllum endum. Saumið axlirnar saman. Saumið ermarnar í. Saumið ermar og hliðar saman.

Við mælum með **ZING** álprjónum frá Knitpro.

Frábær oddur og renna vel í gegnum ullargarn.

Léttir og liprir og nikkelfríir. Sér litur fyrir hverja stærð.

Þú færð garn og prjóna í JYSK, Hagkaup, Rokku, Nettó Egilsstöðum ofl. söluaðilum um land allt.

Einnig fæst allt á www.tinna.is



